

**LÍFS1BB02-LÍFS1SN02-
LÍFS1US02S**
Námsáætlun (haust 2021)



Kennari	Jóhannes Árnason, Hrafnhildur S Sigurgeirsdóttir, Íris Ragnarsdóttir, Jóhann Gunnar Jóhannsson, Sólveig Þóra Jónsdóttir, Valgerður Jónsdóttir, Dagbjört Lauritz Agnarsdóttir, Bryndís Inda Stefánsdóttir og Kristján Bergmann Tómasson	Sk.st.	JÁR, HRS, ÍRA, JÓB, SÓL, DLA, VAL, BIS, KBT
----------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------	---------------------------------------------

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að kynna nemandanum innviði skólans, námsval, starfshætti, nám og félagslíf. Nemandinn er búinn undir þátttöku í samfélaginu með því að efla félagslega færni og siðferðiskennd. Lögð er áhersla á að efla samskipti og jákvæða lífssýn nemandans sem auðveldar honum að takast á við kröfur og ógranir daglegs lífs. Jafnframt er lögð áhersla á að gera hann meðvitaðan um þá ábyrgð sem hann hefur gagnvart sjálfum sér og skólasamfélaginu. Í áfanganum er stuðlað að styrkingu félagstengsla milli nemenda og þeir búnir undir að takast á við krefjandi nám og leggja þannig grunn að frjóu menntasamfélagi. Nemandinn eflist í að koma fram af virðingu við aðra í fjölbreyttu þjóðfélagi. Nemandinn fær tækifæri til að vinna við margvísleg viðfangsefni á fjölbreyttan og skapandi hátt. Um er að ræða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnu og frumkvæði.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- kröfum sem gerðar eru í námi í framhaldskóla
- þýðingu þess að lifa í samfélagi við aðra
- framtíðarmöguleikum sínum
- mikilvægi markmiðasetningar og leiðum að settum markmiðum
- skólasamfélaginu, námsvali og stoðþjónustu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bera virðingu fyrir sjálfum sér
- sýna umburðarlyndi, samhyggð og virðingu fyrir öðrum
- tjá sig í töluðu og rituðu máli
- verða betur meðvitaður um sjálfan sig, áhugasvið sitt og styrkleika
- leita upplýsinga um nám sitt

**LÍFS1BB02-LÍFS1SN02-
LÍFS1US02S**
Námsáætlun (haust 2021)



Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka færni sína í mannlegum samskiptum
- meta eigin vinnubrögð
- bæta ákvörðunartöku í daglegu lífi
- taka þátt í samfélagi sem er í sífelltri þróun
- bera ábyrgð á eigin námi

Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Ýmis verkefni og gögn frá kennurum og fyrirlesurum um efnisþætti sem farið er yfir.

Áætlun um yfirferð:

Upphaf annar	Töfluafhending, nýnemaferð, hópefli, bókasafn. Kynning á stoðþjónustu og stjórnendum skólans. Lögð fyrir könnun á námsumhverfi nemenda (Risk Detector).
Miðbik annar	Markmiðasetning og sjálfstyrking
Lok annar	Námsval, próf og prófundirbúningur
Öll önnin	Undirliggjandi alla önnina er þátttaka í félagslífi skólans. Klúbbakynningar, aðstoð við undibúning á viðburðum í skólanum. Kynna sér sögu skólans og ýmis önnur verkefni er tengjast skólanum og nærumhverfi hans. Fengnir verða utanaðkomandi fyrirlestrar um ýmis málefni sem snúa að daglegu lífi ungs fólks. Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.

Verkefni: Í vinnslu, unnið í samráði við kennara í áfanganum

LÍFS1BB02-LÍFS1SN02-
LÍFS1US02S
Námsáætlun (haust 2021)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Upphaf annar	Töfluaafhending, uppgjör haustannar, hópefli, kynning á helstu þáttum stoðþjónustu sem nemendur nýta sér.
Miðbik annar	Markmiðasetning og sjálfstyrking, námsmatsdagar og miðannarmat
Lok annar	Námsval, próf og prófundirbúningur
Öll önnin	Þátttaka í félagslífi skólans ásamt kynningum og aðstoð við undirbúning á viðburðum. Fengnir verða utanaðkomandi fyrirlestrar um ýmis málefni sem snúa að daglegu lífi ungs fólks. Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virkni	Virkni nemenda felst í hversu vel þeir vinna verkefni sín og hversu mikið þeir taka þátt í verkefnum og umræðum kennslustunda	20%	
Einstaklingsverkefni	Einstaklingsverkefni tengd kynningum og markmiðum nemenda	20%	
Verkefnamappa	Öll verkefni og dreifildi annarinnar. Verkefnamappa á Classroom/Moodle/möppu.	30%	
Þemaverkefni	Val nemenda með samþykki kennara	20%	
Sjálfsmat	Nemendur meta eigin virkni og þátttöku í áfanganum.	10%	
		Samtals:	100%


Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur fá nemendur annað hvort **S (staðið)** eða **F (fall)** í lok annar.

Annað: Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda. Nemendur fá S (staðið) ljúki þeir áfanganum með tilskildum árangri, en einkunnina á kvarðanum 1-4 ná þeir ekki tilskildum

ATH! Vegna Covid-19 heimsfaraldurs getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Farsímanotkun nemenda er bönnuð nema með leyfi kennara.

Dagsetning: 17.08.21


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils